



**Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík**

Reykjavík, 10. mars 2008.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á skattamálum lögaðila (169. mál.)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu þar sem mælt er til að Alþingi feli fjármálaráðherra að endurskoða skattamál lögaðila.*

Þess misskilnings virðist gæta hjá flutningsmanni tillögunnar að aðeins takmarkaður hópur manna geti stofnað einkahlutafélag utan um rekstur sinn. Því fer fjarri, hverjum einum og einasta manni er heimilt að stofna einkahlutafélag utan um nánast hvaða rekstur sem er. Þar sem félagiformið er þekkt, skilvirkt og gegnsætt mæla sérfræðingur iðulega með notkun þess.

Félagiform með takmarkaðri ábyrgð eigenda eru tæki sem einstaklingar geta nýtt sér til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd, án persónulegra ábyrgða. Þau draga því úr áhættufælni og hvetja þannig til nýsköpunar.

Einkahlutafélagiformið felur ekki í sér skattalegt misrétti eins og haldið er fram, því er endurskoðun sú sem lögð er til óþarfa soun á vinnustundum og fjármagni hins opinbera.

**Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs